

LÖG

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Viðskiptaráðherra fer með mál er varða einkahlutafélög samkvæmt lögunum, önnur en þau sem varða skráningu einkahlutafélaga en með þau fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. 3. másl. 1. mgr. orðast svo: Rísi ágreiningur milli félags og kröfuhafa um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta hlutaðeigandi, innan tveggja vikna frá því að tryggingin er boðin fram, lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.
- b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 2. mgr. kemur: ráðherra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 62. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hlutafélagaskrár“ kemur: ráðherra.
- b. Í stað orðsins „skráin“ kemur: hann.

4. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í 3. mgr. 65. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hún“, þar sem þau koma fyrir í 1. mgr., kemur: ráðherra, og: hann.
- b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 3. mgr. kemur: ráðherra.

6. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í upphafi 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: ráðherra.

7. gr.

2. másl. 1. mgr. 115. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

1. og 2. mgr. 121. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands skráir íslensk einkahlutafélög og útibú erlendra einkahlutafélaga og starfrækir hlutafélagaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu einkahlutafélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur hlutafélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem hlutafélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

9. gr.

135. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 121. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með mál er varða samvinnufélög samkvæmt lögum þessum, önnur en þau sem varða skráningu samvinnufélaga en með þau fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands annast skráningu samvinnufélaga og starfrækir samvinnufélagaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu samvinnufélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur samvinnufélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem samvinnufélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

3. gr.

Í stað orðanna „samvinnufélagaskrá í umboði viðskiptaráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: samvinnufélagaskrá.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Samvinnufélagaskrá skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um skrásetningu samvinnufélags á kostnað tilkynnanda. Ráðherra Hagstofu Íslands setur nánari reglur um efni tilkynningar.